



Reykjanæsbær, 13. mars 2026

715. fundur bæjarstjórnar Reykjanæsbæjar haldinn að Grænásbraut 910
17. mars 2026, kl. 17:00

DAGSKRÁ

1. Fundargerðir bæjarráðs 5. og 12. mars 2026 (2026010008)
2. Fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs 6. mars 2026 (2026010016)
3. Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs 11. mars 2026 (2026010010)
4. Fundargerð velferðarráðs 12. mars 2026 (2026010017)
5. Fundargerð menntaráðs 13. mars (2026010013)
6. Brunavarnaáætlun 2026-2030 (2026020545)
7. Breytingar á skipan fulltrúa í kjörnum ráðum (2024010091)



Fundargerð

1554. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,
5. mars 2026, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Díana Hilmarsdóttir, Margrét A. Sanders, Margrét Þórarinsdóttir og Sigurrós Antonsdóttir.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Helga María Finnbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Guðný Birna Guðmundsdóttir boðaði forföll, Sigurrós Antonsdóttir sat fyrir hana.

Bæjarráð samþykkir 5-0 að taka á dagskrá **Samstarf um hringrásariðngarð – erindisbréf (2023100396)**. Fjallað er um málið undirdagskrárlið 7.

* * *

1. Listamaður Reykjaneshæjar - reglur (2026020506)

Guðlaug María Lewis menningarfulltrúi mætti á fundinn.

Lagðar fram uppfærðar reglur um nafnbótina Listamaður Reykjaneshæjar.

Bæjarráð samþykkir 5-0 uppfærðar reglur í samræmi við umræður á fundinum.

2. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga 20. mars 2026 - fundarboð (2026020298)

Lagt fram aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga.

Bæjarráð felur Kjartani Má Kjartanssyni bæjarstjóra að fara með atkvæði sveitarfélagsins á fundinum.

3. Fundargerð stjórnar Brunavarna Suðurnesja 19. febrúar 2026 (2026010077)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Brunavarna Suðurnesja.

4. Fundargerð stjórnar Reykjaneshæjar jarðvangs 23. febrúar 2026 (2026010487)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Reykjaneshæjar jarðvangs.

5. Fundargerð svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja 26. febrúar 2026 (2026030004)

Lögð fram til kynningar fundargerð svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja.

6. Fjárreiður Reykjaneshæjar (2025040024)

Regína Fanný Guðmundsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs mætti á fundinn og fór yfir fjárstreymi og stöðu fjárfestinga sveitarfélagsins.

7. Samstarf um hringrásariðngarð – erindisbréf (2023100396)

Tekið fyrir erindisbréf um skipun í faghóp sem hefur það hlutverk að vera ráðgefandi um lóðaúthlutanir í takt við markmið hringrásariðngarðs.

Bæjarráð vísar málinu til frekari umræðu í umhverfis- og skipulagsráði og atvinnu- og hafnarráði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:10.



Fundargerð

1555. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,
12. mars 2026, kl. 08:15

Viðstaddir:

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Díana Hilmarsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Margrét A. Sanders og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri, Helga María Finnbjörnsdóttir áheyrnarfulltrúi og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Stjórn bílastæðasjóðs (2022100414)

Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur umhverfis- og framkvæmdasviðs mætti á fundinn.

Lagt fram minnisblað frá 1351. fundi bæjarráðs ásamt Samþykkt um Bílastæðasjóð Reykjaneshæjar sem samþykkt var á bæjarstjórnarfundum 7. maí 2024.

Óskað er eftir heimild bæjarráðs að halda áfram með verkefnið í samræmi við forsendur sem koma fram í minnisblaðinu.

Bæjarráð samþykkir að fela Erlu Bjarnýju Gunnarsdóttur að halda áfram með verkefnið í samræmi við forsendur í minnisblaðinu og að vísa erindinu til fjárhagaáætlunar 2027.

2. Faxabraut 13, Hlévangur - verðmat (2025040182)

Lagt fram til kynningar verðmat vegna Faxabrautar 13 í Reykjaneshæ.

3. Brynja leigufélag - stofnframlag (2026030165)

Lagt fram erindi Brynju leigufélags ses. vegna umsóknar félagsins til HMS um stofnframlög vegna kaupa á íbúðum í Reykjaneshæ á árinu 2026. Hlutur stofnframlags Reykjaneshæjar er 12% eða kr. 41.500.000.

Bæjarráð vísar erindinu til fjárhagsáætlunar 2027.

4. Umsókn um styrk - Sterkari út í lífið (2026030149)

Lögð fram beiðni um styrk.

Bæjarráð þakkar fyrir erindið en getur því miður ekki orðið við því að þessu sinni.

5. Aðalfundur HS Veitna hf. 25. mars 2026 (2026030174)

Lagt fram aðalfundarboð HS Veitna hf.

Bæjarráð felur Guðnýju Birnu Guðmundsdóttur forseta bæjarstjórnar að fara með atkvæði sveitarfélagsins á fundinum.

6. Fab Lab Suðurnes - ársskýrsla (2026030139)

Lögð fram ársskýrsla Fab-Lab Suðurnes.

7. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 3. mars 2026 (2026010670)

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

8. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2026010648)

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og lögum um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála (markmið, nýting eigna, framkvæmdaumsjón), 499. mál
<https://www.althingi.is/altext/157/s/0832.html>
- Frumvarp til sveitarstjórnarlaga, 505. mál
<https://www.althingi.is/altext/157/s/0847.html>

Umsagarmál lögð fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:40



Fundargerð

384. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanessbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
6. mars 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Róbert Jóhann Guðmundsson formaður, Eysteinn Eyjólfsson, Guðbergur Reynisson, Jón Már Sverrisson og Helga María Finnbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn Andrea Elísabet Ragnarsdóttir fulltrúi ungmennaráðs, Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi, Erla Bjarný Gunnarsdóttir lögfræðingur, Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi, Margrét Lilja Margeirsdóttir deildarstjóri umhverfismála og Erna María Svavarsdóttir ritari.

Gunnar Felix Rúnarsson boðaði forföll, Jón Már Sverrisson sat fyrir hann.

* * *

1. Fitjar - breyting á deiliskipulagi (2019060062)

Laugar ehf. leggja fram vinnslutillögu að breytingu á deiliskipulagi Fitja og breytingu á skilmálum aðalskipulags fyrir miðsvæði M4 sbr. uppdrátt Gláma/Kím dags 30. nóvember 2025 og kynningargögn Populus og Úti og Inni arkitekta dags. júní 2024. Auglýsingu vinnslutillögu er lokið. <https://skipulagsgatt.is/issues/2026/81>

Umhverfis- og skipulagsráð tekur undir framkomnar athugasemdir um að nauðsynlegt sé að kanna til fulls hvort innviðir séu fyrir hendi fyrir áætlaðan rekstur á svæðinu og kanna þurfi til hlítar mögulega mengun af fyrrum urðunarsvæði.

2. Hlíðarhverfi 3. áfangi – deiliskipulag (2019120007)

Lögð fram afgreiðsla Skipulagsstofnunar til kynningar.

<https://skipulagsgatt.is/issues/2025/1405>

Lagt fram.

3. Bergvegur 11 (2026020028)

Sótt er um byggingarleyfi í umfangsflokki II fyrir einbýlishús sbr. aðaluppdrætti Beimar dags. 26. janúar 2026. Skv. gildandi deiliskipulagi er hámarks byggingarmagn 160 m². Lóðarstærð er 400 m² og hámarks nýtingarhlutfall 0,4. Óskað er eftir að nýtingarhlutfall verði hækkað í 0,5 og að heildarbyggingarmagn á lóð verði 196,5 m².

Samþykkt með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.

Umhverfis- og skipulagsráð heimilar að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, skv. 3. mgr. 44. greinar skipulagslaga hafa lýst skriflega yfir með

áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfisskyldu framkvæmd.

4. Akademiureitur - framtíðarsýn (2025010481)

Reykjanesbær leggur fram drög að uppskiptingu lóðar.

<https://www.reykjanesbaer.is/is/akademiureitur>

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir 3-2 breytt lóðamörk skv. 3 mgr. 43. greinar skipulagslaga. Nánari skilmálar verði ákveðnir með deiliskipulagi. Guðbergur Reynisson og Jón Már Sverrisson greiða atkvæði á móti.

5. Seylubraut 1 - auglýsingaskilti (2026020413)

Sótt er um byggingarleyfi fyrir skilti á suðaustur enda lóðar sbr. uppdrætti Verkfræðistofu Suðurnesja dags. 17. febrúar 2026.

Umhverfis- og skipulagsráð óskar eftir umsögn frá Vegagerðinni. Samkvæmt samþykkt um rafræn skilti í lögsögu Reykjanesbæjar er ekki heimilt að skiltið snúi að byggð.

6. Stapabraut 21 - auglýsingaskilti (2026010463)

Sótt er um breytingu á LED verðskilti. Ljósbúnaður verður endurnýjaður og skiltaflötur stækkaður sbr. aðaluppdrætti Teiknistofunnar Traðar dags. 22. janúar 2026.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagslaga málsgrein 2.

7. Stakksbraut 9 - uppskipting á lóð (2026030062)

Landey ehf. leggur fram erindi um skiptingu lóðarinnar Stakksbraut 9. Aðrir skilmálar gildandi deiliskipulags eru óbreyttir sbr. uppdrátt Verkfræðistofu Suðurnesja dags. mars 2026.

Umhverfis- og skipulagsráð telur að breytingin á deiliskipulagi varði ekki hagsmuni annarra en sveitafélagsins og umsækjanda og samþykkir því breytinguna skv. 43. grein skipulagslaga málsgrein 3.

8. Vernd strandlengjunnar - erindi frá Siglingasambandi Íslands (2026020514)

Á 53. siglingaþingi Siglingasambands Íslands sem haldið var 21. febrúar 2026 skoraði sambandið á sveitarfélög landsins að leggja aukna og markvissa áherslu á vernd og góða umgengni um strandlengju landsins, tryggja aðgengi almennings að sjónum til útivistar og jafnframt huga sérstaklega að stuðningi við íþróttafélög og starfsemi sem byggir á nýtingu sjávar og strandar.

Lagt fram.

9. Stapabraut 15 - lóðarumsókn (2026020528)

Þorbjörg Bergþórsdóttir sækir um lóðina Stapabraut 15.

Lóðin er ekki laus til úthlutunar. Umsókn hafnað. Unnið er að skilmálum fyrir útboð á umræddri lóð.

10. Stapabraut 7 - breyting á aðalskipulagi (2023070043)

Kaffitár óskar eftir að lóðin Stapabraut 7 verði skilgreind í aðalskipulagi sem athafnasvæði í samtali við forsvarfólk fyrirtækisins um skipulagsskilmála lóðarinnar.

Umhverfis- og skipulagsráð felur skipulagsfulltrúa að taka saman spurningar í samræmi við umræður á fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:42.



Fundargerð

203. fundur íþrótta- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
11. mars 2026, kl. 15:30

Viðstaddir: Eva Stefánsdóttir formaður, Hjördís Baldursdóttir, Magnús Einþór Áskelsson, Sindri Kristinn Ólafsson og Jóhann Gunnar Sigmarsson.

Marta Sigurðardóttir boðaði forföll, Magnús Einþór Áskelsson sat fundinn í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Rúnar Vífill Arnarson formaður Íþróttabandalags Reykjanesbæjar, Frosti Kjartan Rúnarsson fulltrúi ungmennaráðs, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs og Hafþór Barði Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi sem jafnframt ritaði fundargerð.

* * *

1. Farsæld barna - kynning (2023050248)

Eydís Rós Ármannsdóttir verkefnastjóri fjölmenningar kynnti stöðuna á innleiðingu verkferla í samræmi við lög um farsæld barna í Reykjanesbæ.

Íþrótta- og tómstundaráð samþykkir og þakkar Eydísi fyrir góða kynningu.

2. Íþróttafélagið Nes - kynning (2026030119)

Jóhann Jóhannsson formaður Íþróttafélagsins Nes kynnti starfsemi félagsins.

Íþrótta- og tómstundaráð þakkar Jóhanni fyrir góða kynningu.

3. Keflavík, íþrótta- og ungmennafélag - kynning fjármálastjóra (2026030120)

Guðbjörg Björnsdóttir, fjármálastjóri Keflavíkur íþrótta- og ungmennafélags og Birgir Már Bragason framkvæmdastjóri félagsins mættu á fundinn og gerðu grein fyrir fjármálum félagsins og því starfi sem þau eru að inna af hendi fyrir félagið.

Íþrótta- og tómstundaráð þakkar Guðbjörgu og Birgi fyrir greinargóða kynningu.

4. Samningur um rekstur knattspyrnusvæða UMFN (2026030121)

Samningurinn lagður fram og samþykktur.

5. Samningur um rekstur knattspyrnusvæða Keflavíkur (2026030122)

Samningurinn lagður fram og samþykktur.

6. Færanlegar kennslustofur (2025030099)

Minnisblað lagt fram varðandi nýtingu á færanlegri skólastofu.

Íþrótta- og tómstundaráð leggur afar mikla áherslu á að færanleg skólastofa sem er að losna verði sett á svæðið vestan Nettóhallar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:30.



Fundargerð

452. fundur velferðarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Grænásbraut 910
12. mars 2026, kl. 13:00

Viðstaddir: Sigurrós Antonsdóttir formaður, Margrét Þórarinsdóttir, Bjarney Rut Jensdóttir, Eyjólfur Gíslason og Andri Fannar Freysson.

Að auki sátu fundinn Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Erna María Svavarsdóttir ritari.

Ásta Kristín Guðmundsdóttir boðaði forföll, Margrét Þórarinsdóttir sat fyrir hana.

Birna Ósk Óskarsdóttir boðaði forföll, Bjarney Rut Jensdóttir sat fyrir hana.

* * *

1. Reglur um ferðapjónustu utan sveitarfélagsins (2022010182)

Ólafur Garðar Rósinkarsson, verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks, mætti á fundinn og fór yfir endurnýjun umsókna og nýjar umsóknir um akstursþjónustu vegna læknisferða og nýtingu á sambærilegri þjónustu hjá HSS ásamt því að kynna stöðuna á vinnu við breytingar á reglum um ferðapjónustu utan sveitarfélagsins.

Velferðarráð þakkar fyrir greinargóða yfirferð og árættar að fatlað fólk sem ekki getur nýtt sér almenningssamgöngur eigi þann kost að fá akstur á höfuðborgarsvæðið í nauðsynlega læknisþjónustu sem ekki fæst í heimabyggð. Tómsundur, vinna, nám eða félagsstarf sem er veitt utan Reykjanesbæjar fellur ekki þar undir.

2. Sértæk búsetuúrræði fyrir fólk með fötlun (2026020053)

Ólafur Garðar Rósinkarsson, verkefnastjóri í málefnum fatlaðs fólks, mætti á fundinn og gerði grein fyrir kostnaði við einkarekin búsetuúrræði og rekstrarlega hagkvæmni þess að Reykjanesbær komi sér upp búsetuúrræði.

Velferðarráð þakkar fyrir ítarlega kynningu og vísar málinu í bæjarráð þar sem fyrirspurn um kostnað sértækra búsetuúrræða átti uppruna sinn. Ráðið telur að það þurfi að fara í þarfagreiningu, kostnaðaráætlun og framtíðarsýn fyrir þennan málaflokk og tekur undir með verkefnastjóra í málefnum fatlaðs fólks, að það er talið hagkvæmara fyrir Reykjanesbæ að reka búsetuúrræði.

3. Skammtímvistun fatlaðra barna (2026030166)

Leitað er leiða til að auka þjónustu skammtímadvalarinnar í Heiðarholti til þess að draga úr miklu og langvarandi álagi aðstandenda þeirra sem nýta sér þjónustuna eða eru á biðlista eftir skammtímadvöl. Ræddar voru þrjár tillögur að umbótum; í fyrsta lagi að opna starfseminu einn fimmtudag í mánuði til viðbótar, í öðru lagi að skoða möguleika á að nýta

húsnæði Suðurnesjabæjar í Skerjaborg til að létta tímabundið á starfsemi Heiðarholts á meðan sveitarfélögin vinna að þróun varanlegs úrræðis og í þriðja lagi að kanna hvort sveitarfélögin geti í auknum mæli veitt stuðning inn á heimili barna og ungmenna í stað vistunar utan heimilis.

Velferðarráð tekur vel í framkomnar tillögur um aukna þjónustu fyrir börn og ungmenni sem bæði hafa þörf og eiga lögbundinn rétt á skammtíma vistun. Ráðið telur þörf á aðgerðaráætlun og leggur áherslu á framtíðarsýn í þessu máli til þess að tryggja skjólstæðingum stöðugleika. Málinu er vísað í bæjarráð til frekari umfjöllunar.

4. Þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd – uppgjör vegna uppsagnar samnings (2024100122)

Lokaniðurstaða uppgjörs vegna uppsagnar Vinnumálastofnunar á samningi um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd hjá Reykjanesbæ liggur nú fyrir og hefur stofnunin fallist á kröfur Reykjanesbæjar í ákveðnum kostnaðarliðum eftir að hafa hafnað í fyrstu kröfu bæjarins um endurgreiðslu í öllum kostnaðarliðum.

Velferðarráð þakkar starfsfólki Reykjanesbæjar fyrir að fylgja málinu eftir en lýsir yfir vonbrigðum með afstöðu Vinnumálastofnunar.

Formaður gerði fundarhlé kl. 14:18.

Fundur aftur settur kl. 14:23.

5. Sameining dagdvala (2024050055)

Margrét Arnbjörg Valsdóttir, teymisstjóri öldrunar- og stuðningsþjónustu mætti á fundinn og fór yfir núverandi stöðu og lykiltölur varðandi sameiningu dagdvala á Nesvöllum, breytingar á innanhússkipulagi og fjármögnunarkosti.

Velferðarráð þakkar fyrir greinargóða kynningu og vísar erindinu til bæjarráðs.

6. Fundargerð öldungaráðs Reykjanesbæjar 16. febrúar 2026 (2026010018)

Fundargerð 25. fundar öldungaráðs Reykjanesbæjar sem haldinn var þann 16. febrúar sl. lögð fram til kynningar.

Lagt fram. Velferðarráð tekur undir ákall um samræmingu reglna um húsnæðisstuðning í bókun öldungaráðs í máli 5. Kjaramál eldra fólks, fasteignagjöld og húsnæðisstuðningur - erindi frá FEBS.

7. Þjónustumiðstöð Nesvöllum - reglur um útleigu á sal (2026030179)

Þörf er á formfestingu skilmála fyrir útleigu á sal í þjónustumiðstöð Nesvalla, þar sem notkun hans hefur aukist undanfarið og eðli hennar breyst. Lagðar voru fram tillögur að nýjum reglum og leiðréttri verðskrá.

Velferðarráð samþykkir tillögurnar.

8. Ársskýrsla og mælaborð velferðarsviðs 2025 (2025060044)

Ársskýrsla og mælaborð velferðarsviðs fyrir árið 2025 lagt fram til kynningar.

Lagt fram.

9. Fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnæðisstuðningur - tölulegar upplýsingar (2026020248)

Tölulegar upplýsingar vegna fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í febrúar 2026 lagðar fram.

Fjárhagsaðstoð

Í febrúar 2026 fengu 111 einstaklingur greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ.

Alls voru greiddar 16.830.215 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali um 151.623 kr. á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamann á fjárhagsaðstoð voru 24.

Í febrúar 2025 fengu 129 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 18.400.259 kr. í fjárhagsaðstoð til framfærslu eða að meðaltali 142.638 kr. á hvern einstakling. Fjöldi barna á framfæri foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð voru 42.

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Í febrúar 2026 fengu 276 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins. Samtals voru greiddar 7.019.097 kr.

Í febrúar 2025 fengu 270 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins, samtals 6.731.938 kr.

Áfrýjunarnefnd

Í febrúar 2026 var haldinn einn fundur áfrýjunarnefndar. 14 mál voru lögð fyrir nefndina. Sjö erindi voru samþykkt og sjö erindum synjað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:17.



Fundargerð

394. fundur menntaráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
13. mars 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Harpa Björg Sævarsdóttir, Ríkharður Ibsen og Sighvatur Jónsson.

Að auki sátu fundinn Ingunn Rós Valdimarsdóttir fulltrúi grunnskólakennara, María Petrína Berg fulltrúi leikskólastjóra, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi og Erna María Svavarsdóttir ritari.

* * *

1. Farsæld barna - aðgerðaáætlun 2026 (2023050248)

Eydís Rós Ármannsdóttir verkefnastjóri skrifstofu velferðarsviðs kynnti aðgerðaáætlun í innleiðingu farsældar barna í Reykjaneshæ árið 2026.

Menntaráð þakkar fyrir greinargóða kynningu á núverandi stöðu og aðgerðaráætlun um farsæld barna í sveitarfélaginu.

2. Atvinnutengt nám (2026030154)

Verklag til þess að tryggja skýrari ferla um undirbúning, framkvæmd og eftirfylgni með atvinnutengdu námi sem styður við faglega og samræmda framkvæmd þess hefur nýlega verið tekið í notkun í grunnskólum Reykjaneshæjar. Einar Trausti Einarsson yfirsálfræðingur kynnti afrakstur vinnu stýrihóps um atvinnutengt nám og framvindu verkefnisins.

Menntaráð þakkar fyrir ítarlega yfirferð á vinnu stýrihóps um atvinnutengt nám og fagnar góðu framtaki sem nýtist innan grunnskóla Reykjaneshæjar.

3. Stuðningur við skólasókn (2026030157)

Einar Trausti Einarsson yfirsálfræðingur mætti á fundinn og kynnti framgang vinnu við þróun nýs verklags um stuðning við skólasókn í grunnskólum Reykjaneshæjar og megináherslur í tillögum þverfaglegs starfshóps.

Menntaráð tekur vel í framkomnar tillögur starfshópsins. Um er að ræða mjög metnaðarfullt verklag sem er uppbyggt til að greina hindranir fyrir ásamt ríkari stuðning við nemendur.

4. Nýsköpunar- og þróunarsjóður menntasviðs (2026030159)

Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi kynnti þá áherslupætti sem eru í forgangi þegar kemur að úthlutun úr nýsköpunar- og þróunarsjóði skrifstofu menntasviðs, en sjóðnum er ætlað að stuðla að nýsköpun, framþróun og öflugu innra starfi leik- og grunnskóla í Reykjaneshæ. Áherslupættir fyrir skólaárið 2026-2027 eru:

- Inngildandi menntun
- Við og jörðin
- Læsi – lestur, lesskilningur, ritun og tjáning
- Gervigreind í skólastarfi

Auglýst hefur verið eftir umsóknum og er umsóknarfrestur til kl. 16 föstudaginn 27. mars 2026. Skólastjórar, kennarar og aðrir fagaðilar í leik- og grunnskólum Reykjanesbæjar geta sótt um úthlutanir úr sjóðnum.

Menntaráð hvetur skólastjórnendur, kennara og aðra sem starfa að menntamálum í Reykjanesbæ til að nýta þetta tækifæri og sækja um styrk til verkefna sem stuðla að framþróun og bættri menntun fyrir nemendur. Ráðið leggur áherslu á að stuðningur við nýsköpun í menntamálum sé lykilatriði í að bæta gæði og aðgengi að menntun í Reykjanesbæ og vonast til að fjölbreytt og metnaðarfull verkefni fái stuðning úr sjóðnum.

5. Ársskýrsla skrifstofu menntasviðs 2025 og mælaborð (2025060044)

Ársskýrsla og mælaborð menntasviðs fyrir árið 2025 lagt fram til kynningar.

Lagt fram. Menntaráð þakkar fyrir góða skýrslu og greinargóðar upplýsingar. Um er að ræða mikið af jákvæðum atriðum um starfsemi menntasviðs sem vert er að rýna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:21.